

276. fundur

Miðvikudaginn 29. ágúst 2018, kom verðlagsnefnd búvara saman til fundar í fundarsal á 6. hæð í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, Skúlagötu 4.

Þeir sem sátu fundinn voru: Friðrik Már Baldursson, formaður, Arnar Árnasson varamaður, Ásta Björg Pálmadóttir, Jóhanna Hreinsdóttir, Rögnvaldur Ólafsson og Hálfdán Óskarsson sem er áheyrnarfulltrúi í nefndinni. Í síma var Ágúst Sigurður Óskarsson. Þá sátu fundinn Pálmi Vilhjálmsson og Arnar Freyr Einarsson sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist á fundinum:

Formaður tók þetta fyrir samkvæmt dagskrá:

1. **Fundargerð síðasta fundar.**

Engar athugasemdir. Samþykkt.

2. **Beiðni SAM um endurskoðun heildsöluverðs.**

Lögð var fram greinargerð Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði með hækkunarkröfu vinnslu- og dreifingarkostnaðar mjólkurvara, endurskoðaður ársreikningur MS fyrir árið 2017, óendurskoðað rekstraruppgjör frá janúar til júlí 2018 og viðmiðunarmodel verðlagsnefndar til mats á hækkun vinnslu- og dreifingarkostnaðar mjólkur. Áður hafði verið tekið fyrir erindi SAM þar sem óskað var eftir endurskoðun á heildsöluverði mjólkurvara sem undir nefndina heyra. Bent var á að tæpir 20 mánuðir hafa liðið síðan síðasta ákvörðun verðlagsnefndar um heildsöluverð mjólkurvara tók gildi, þann 1. janúar 2017. Reiknuð hækkunarkrafa viðmiðunarmódelisins nemur 7,14% frá desember 2016 til ágúst 2018, sem samsvarar um 3,5% verðhækkun á heildsölustigi án tillits til breytinga á lágmarksverði til bænda. Kemur fram í greinargerð að krafan sé í fullu samræmi við afkomu greinarinnar.

3. **Verðlagsgrundvöllur kúabús 1. september 2018.**

Lagður var fyrir framreiknaður verðlagsgrundvöllur kúabús fyrir 1. september 2018. Gjaldaliðir grundvallarins hafa hækkað um 1,44% frá 1. júní 2018. Hækkun gjaldaliða frá síðustu ákvörðun um lágmarksverð til bænda þann 1. janúar 2017, er 3,6%, byggt á verðlagi 1. desember 2016. Að loknum ítarlegum umræðum var verðlagsgrundvöllurinn staðfestur.

4. **Verðlagning**

Umræður um niðurstöður framlagðra gagna. Borin var fram tillaga um 3,6% hækkun á lágmarksverði til bænda og að vegið heildsöluverð mjólkurvara yrði hækkað um 5,3%, þó þannig að smjör yrði hækkað um 10% umfram aðrar vörur. Forsendur verðlagningar voru settar inn í model sem nefndin hefur notað við verðlagningu og voru útreikningar gerðir jafnóðum. Útreikningar byggðu á verðlagsgrundvelli kúabús og hækkunum á vinnslu- og dreifingarkostnaði mjólkur frá því síðast var verðlagt. Samkvæmt verðlagsgrundvelli kúabús var um að ræða 3,60% hækkun heildarkostnaðar frá 1. desember 2016 og reiknaða 7,14% hækkun vinnslu- og dreifingarkostnaðar frá desember 2016 til ágúst 2018.

Ákvörðun var tekin um að heildsöluverð á mjólk og mjólkurafurðum, sem nefndin verðleggur, hækki 1. september 2018 um 4,86%. Samfara því var tekin sérstök ákvörðun um 15% hækkun á smjöri, en heildsöluverð á smjöri hefur verið undir framleiðslukostnaði um árabíl. Vegin hækkun heildsöluverðs er því 5,30%.

Miðast heildsöluverðsákvörðun við 6,25% hækkun vinnslu- og dreifingarkostnaðar mjólkur. Frá sama tíma hækkar lágmarksverð til bænda um 3,08 kr. á lítra mjólkur, þ.e. úr 87,40 kr./ltr. í 90,48 kr./ltr. Hækkun lágmarksverðs til bænda nemur 3,52%. Nefndin samþykkti þessa niðurstöðu en annar fulltrúi félags- og jafnréttisráðherra, Ágúst Sigurður Óskarsson, greiddi atkvæði gegn henni.

5. **Verklagsreglur verðlagsnefndar.**

Dagskrárlið frestað. Verður tekið fyrir á næsta fundi.

6. **Önnur mál.**

Ekki komu fram önnur mál.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 15:30.

Friðrik Már Baldursson

Arnar Freyr Einarsson